

# Auðveldar umbætur eru ekki einskisverðar

3. febrúar 1948

MORGUNBLAÐID

## I.

ALLIR góðir menn eru svo gerðir, að þeim þykir leitt til bess að vita, að eitthvað það sem til er stofnað með kostnaði og fyrirhöfn, og til gagns gæti orðið, eða gamans, verður þó fyrir þá vömm sem vel mætti varast, að litlum notum eða engum. Einsog er t. d. þegar ritgerð eða grein, sem góð getur verið og gagnleg, verður ólæsileg, sakir hörguls á prentsvertu. En slíks gerast nú mörg dæmi hjá oss, og þó einkum þar sem um dagblöðin er að ræða. Og ekki eru heldur í útvarpinu dæmin fá úr sömu átt, þó að með öðrum hætti sje, eins og gefur að skilja. Sögur eru lesnar upp, og erindi flutt þannig að í flestum setningum er eitt-hvað af orðum óskiljanlegt. Ær þar til lítils að verið, og væri þó auðvelt að ráða á þessu bót.

## II.

Þeir sem koma þannig fram í útvarpi, að vjer missum aldrei af orði eða atkvæði, eru íþróttamenn hins talaða máls, í lestri og ræðu, svo sem pröfessorar, prestar, stjórnmálamenn og leikarar, að ógleymdu hinu fasta starfsfólk stofnunarinnar, flestu, og enn nokkrum öðrum, konum og körlum. Til þess að verða slíkur íþróttamaður þarf vitanlega mikla æfingu. En með tiltölulega litilli fyrirhöfn má þó í þessum efnunum vinna þá bót, að miklu muni. Svo þarf að breyta til, að enginn tali svo eða lesi í útvarpi, að hann hafi ekki áður fengið að heyrja sjálfan sig af plötu. Þá fyrst er hann heyrir til sjálfssín þannig, gefst honum til fulls kostur að gera sjer grein fyrir því, hvernig framburður hans er, einsog hann kemur hlustendum til eyrna. Þá fyrst geta honum orðið gallarnir nægilega ljósir. Og sýr en svo er orðið getur hann vitanlega ekki farið að hugsa um að laga þá.

## III.

Skal þá minst á sumt það sem mjer þykir helst athugavert í þessum efnunum. Mjög algengur er sá galli, að menn eru of hraðmæltir. Þó að ekki væri annað, þá nægir slikt til þess að menn hafa miklu síður not af því sem sagt er. Kemur þar til greina það sem í sálfræðinni er nefnt apperception.

Það er ekki nóg að heyra, menn verða einnig að hafa nokkurn tíma til að gera sjer grein fyrir því, hvað það er sem þeir hafa heyrirt. Annar algengur galli er sá, að menn kunna ekki nágu vel skil á því sem greinarmerki tákna í ritmáli. Mun vera óhætt að segja, að í því efni taki ræðu snillingar í prestastjett ekki sist öðrum fram. Þá er enn sá galli sem mikil riður á að forðast, en ekki mun vera vandaust að laga. En það er, að í framburðinum verði „o“ að „u“, og „i“ að „e“, eða á hinn veginn. Það er þessi galli sem fastur er orðinn í dönsku máli, og þó kveður ennþá meira að í ensku. Og yfirleitt á sá galli ríkan þátt i að setja nokkurn skrifskubrag á nýu málin, svonefndu. En eftirkortarvert er það, hve mjög ítaliskan ber af öðrum Evrópumálum í því efni. Og á jeg þar nú raunar ekki svo mjög við það, að ítaliskan sje skýr af stafavíxlum: slikum sem t.d. að si (ef í latínu) varð se (sig) en se (sig í latínu) varð si. Heldur hitt, hversu þetta dötturmál latínunnar, ber um skýrleika framburðarins, af öðrum þeim Evrópumálum sem mjer er nokkuð kunnugt um. Mun þar koma til greina arfur frá hinum slórkostlegu rómversku ræðusnillingum fornaldarinnar. Þar sem ekki voru dagblöðin, varð sá sem hafa vildi áhrif, að tala þannig að hann gæti verið viss um að menn skildu hann. „Nostis sonitus nostros“, segir Cicero, hinn ágætasti ræðusnillingur rómverskur, í

brjefi til vinar síns. Ræða hans mun hafa verið ágætlega skýr og hljómmikil, eða „rómurinn mikill yfir málínu“, eins og segir í Sverris sögu. Sonitus hljómur; getur jafnvel þytt: þruma. Og víkur þar að vísu að því sem mikið atriði er í útværpsflutningi. Því að það er algengt, og getur jafnvel komið fyrir æfða ræðumenn, að lokaorð setningar og lokaatkvæði orða, heyrast alls ekki, „rómurinn yfir málínu“ er þar svo líttill. Og það er ekki síst í því efni, sem ræðumönnum gæti orðið að miklu liði að fá að heyra sjálfa sig af plötum. Þeir mundu þá miklu auðveldlegar geta áttar sig á því hverskonar beiting cða vanbeiting raddarinnar það er, sem til þess leiðir að orð eða atkvæði tapast útværpshlustendum alveg, og því sjerstaklega mikið riður að forðast.

#### IV.

Til að koma í veg fyrir nokkurn misskilning sem orðið gæti, skal þess getið, að jeg er sjálfur langt frá því að vera slyngur erindisflyttjandi í útvarp, og tel mig ekki mundu eiga meira skilið en aðra einkunn fyrir útværpsframburð. Veldur þar þó mestum að jeg hefi ekki átt þess kost að æfa mig eins og þurft hefði, en miklu síður hitt, að jeg beri ekki skyn á hvað er góður flutningur og hvað ekki. En því er þetta ritað, að níjar virtist sjerstaklega framfaravænlegt í þessu efni, að fá að heyra sjálfan mig af plötum. Og ekki síður þó vegna þess, að þó að oft sje að útværpi fundið og oft, þá hefir flest af því verið annað en það, sem að mínum dómi er mest þörf in á.

#### v.

Útværpið er sú stofnun allum viti að vera annri um að gæti orðið að sem mestum notum og til sem mestrar skemtunar. Því að ekki er gamanið einskis vert. En best þó þegar hvort-

tveggja getur farið saman, gagnið og gamanið. Og er það vissulega goð gaman, að geta látið sjer fara fram að þekkingu. Ætti í stofnuninni að vera í fyrirrúmi það sem miðar til að auka hlustendum skilning á heimi og Ifsi. Og þó sjerstaklega það sem orðið gæti til að efla þekkingu voru og skilning á landi voru, þjóð og sögu. Og þó að nokkuð hafi þar verið að því gert, og vel, að lesa Íslendingasögurnar og skýra, þá þarf betur að vera, áður beir verði aðeins fáir, sem eru þeim ókunnugir og kunna ekki að meta þær rjett. Og vara þarf menn rækilega við þeirri villu, sem í útlöndum kveður ekki lítið að, og þó er meir en lítið skaðleg, að til bókminta sje helst ekki annað teljandi en það sem skáldskapur er, leikrit, ljóð og skáldsögur; þ. e. slikt sem fornmann vorir kölluðu lygisögur (ekki lygasögur!). Jeg ætla, eins og geta má nærrí, ekki að fara að gera lítið úr góðum skáldskap; en vanmentun hlýst af, ef menn ímynda sjer, að mentun og nýar hugsanir, sje fyrst og fremst að sækja í það sem skáldin hafa ritað. En alveg væri það rangt að ætla að leggja Íslendingasögur að jöfnu, við skáldsögur síðari tíma. Það er négu skrátið að virða fyrir sjer í þessu sambandi orðtekið „fagrar bókmentir“ (þýðing á frönsku orðunum „belles lettres“) sem hefir verið haft einungis um skáldbókmentir. I sanræmi við hann hugrunarhátt, þá yrði að telja Fimbulogasögu ramma, sem er ein af lökustu Íslendingasögum, til fagurra bókmenta, ef Fimur Jónasson hefði rjait fyrir sjer; en hann segir í bókmentasögu sinri að hún sje „skáldsaga frá retum“. Það er nú raunar auðvelt að sýna fram á, einsog jeg hefi gert í kafla í bókinni Sannýal, að segjan um Fimbuloga ramma er að

verulegu leyti sönn, en samt stendur hún að sannleiksgildi langt að baki Vatnsdælu, sem er þó ekki ein af allrabestu Íslendingasögunum, en ekki getur þó komið til málá að telja til fagurra bókmenta, ef aðeins lygisögur eiga að hljóta svo veglegt heiti. Og engin fornrit vor væru þeim heiðri fjær en einmitt allra mestu sníldarverkin, einsog Egla og Heimskringla. Jeg hefi verið að lesa Eglu við og við í meir en 60 ár, og mundi jeg ekki svo gert hafa, ef jeg hefði ekki verið sannfærður um, að markmið höfundarins hefir verið, að segja sanna sögu, en ekki að búa til skáldsögu. Og ekki þarf að efa hver sá höfundur er, nje heldur, að honum hefir tekist með fádænum vel. Ekki er það aðdáum á Agli sem því veldur að jog hefi lesið þá sögu svo oft. Arinbjörn hersir er það sem jeg dást mest að. Sagan af því hvernig Arinbj. bjargar í Jórvík lifi Egils æskuvinar síns. hygg jeg sje eitt heimshámark frásagnarlistarinnar, og því stórkostlega drengskap arafreki fyllilega samboðin sem af er sagt. Og ekki hygg jeg að í lygisögu hefði verið hægt að segja eins vel. Því að orðin: sannleikurinn er sagna bestur, eru sönn cinnig í þeirri merkingu, að hin aðsta list getur ekki komið fram öðruvísi en í sambandi við sannleikann. Og sje sagt það sem sallt er, að ekki hefði sú frásögn getið orðið eins ljómandi, ef ekki hefði verið af skáldi að segja, þá er þess að gæta, að hinar snjöllu vísur Egils voru ekki um aðeins í myndaða hluti og atburði, heldur lýsingar á veruleika. Einsog t. d. þessi, sem afbragð er:

Vasa tunglskin  
trátt að illa  
nje ógnlaust  
Eiríks bráa,  
þá's ormfránn  
ennimáni  
skaut allvalds  
ægigeislum.

Eiríkur blóðök mun hafa verið eygður mjög, og augnaráðið ekki bliðlegt þegar hann leit til Egils, einsog ekki var heldur við að búast, þar sem Egill hafði drepið son hans. Og nú getum vjer vit að, að í raun og veru er um geislum frá augum að ræða.

## VI.

Mjær virðist ástæða til að vona, að til nokkurs gagns gæti orðið að minnast á þetta í grein sem skrifuð er til þess að greiða fyrir því, ef verða mætti, að útvarpið gæti orðið að meiri notum sem mentastofnun. Pyrfti meira að gera að upplestri fræðibóka en verið hefir. Mætti þar margar nefna, þó að jeg láti mjær ræða að minna á bökkur einsog „Íslenska menningu“ eftir dr. Sigurð Norðdal, ævisögu Jóns Sigurðssonar, eftir dr. Pál Eggert Olason, og bók Jóns heitins Aðils pröfessors um Skúla fógeta. Þá minnist jeg ekki þess, að hafa í útvarpinu nokkurntíma heyrt nokkuð um Njólu Björns Gunnlaugssonar eða úr henni. Og má þó ekki falla í gleymsku þessi merkileg, heimsfræðitilraun, sem spekingurinn setti fram þannig, að telja verður frá því sjónarmiði, til íslenskra rímnna. Jeg minnist frá æskuárum mínum vinnumanns í sveit, sem hafði sjer til skemtnunar á sunnudögum að kveða Njólu.

Ekki var hann ógreindur sá, og kunni mun betur að meta þetta sníldarverk spekinsins en jeg, á þeim dögum, og þó síðar væri. Því miður hafði þessi maður ekki líkamskrafs að því skapi sem hann var gáfuður. Hann boldi ekki erfðisvinnuna sem hann varð á sig að leggja, og dó ungrur, af hjartabilun, að því er jeg hygg mjær muni vera óhætt að fullyrða.

Okt.—des. '47.

Helgi Pjeturss.